

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 10/2008

2016/EES/05/14

frá 8. janúar 2008

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar skilgreiningar, ítarlegar flokkanir og uppfærslu reglna um miðlun fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd og viðhengi um lífeyrisþega (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 frá 25. apríl 2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. og 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 458/2007 er komið á samræmdri aðferðafræði sem nota á við samantekt hagtalna á sambærilegum grunni til hagræðis fyrir Bandalagið og tímamörk fyrir sendingu og miðlun hagtalna sem teknar eru saman í samræmi við evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 458/2007 ætti að samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem varða ítarlega flokkun á viðkomandi gögnum, skilgreiningar sem skal nota og uppfærslu á reglum um miðlun fyrir

grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd og viðhengi um lífeyrisþega.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarráðstafanirnar, sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 458/2007, að því er varðar grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (fyrir meginleg gögn og eigindlegar upplýsingar eftir kerfi og sundurliðaðar bætur) og að því er varðar viðhengi um lífeyrisþega, skulu vera eins og mælt er fyrir um í 1.–3. viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. janúar 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 5, 9.1.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 25.

(¹) Stjtið. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 3.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR

1. **SKILGREININGAR Í GRUNNKERFI EVRÓPSKS KERFIS SAMÞÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSLEGA VERND**
 - 1.1 FLOKKUN KERFA: VIÐMIÐANIR VIÐ FLOKKUN Á FÉLAGSVERNDARKERFUM
 - 1.1.1. **Ákvarðanataka**

Ákvarðanataka vísar til einingarinnar sem tekur mikilvægustu ákvarðanirnar, þ.e. um bótastig, skilmála um greiðslu og hvernig kerfið er fjármagnað. Kerfin geta verið undir stjórn hins opinbera eða ekki.
 - 1.1.2. **Framkvæmd laga**

Framkvæmd laga vísar til þeirra ákvæða sem mælt er fyrir um í lögum um aðild hinna tryggðu að kerfinu. Aðild að félagsverndarkerfi getur verið skyldubundin eða ekki.
 - 1.1.3. **Ávinnsla bótaréttar**

Ávinnsla bótaréttar vísar til þess grundvallar sem hinn tryggði á til bóta, hvort sem hann byggist á framlögum eða ekki.
 - 1.1.4. **Markþýði kerfisins**

Markþýði kerfisins vísar til þess hluta íbúanna sem er tryggður (allra íbúanna, alls eða meirihluta launafólks eða sérstakra hópa íbúanna).
 - 1.1.5. **Verndarstig**

Verndarstig vísar til þess hvort félagsverndarkerfi veita grunnvernd eða viðbótarvernd.
 - 1.2. TEKJUR FÉLAGSVERNDARKERFA
 - 1.2.1. „Framlög til félagslegra kerfa“: kostnaður sem vinnuveitendur/tryggðir einstaklingar stofna til, til að launþegar/þeir sjálfir eigi rétt á félagslegum bótum.
 - 1.2.2. „Framlög hins opinbera“: kostnaður hins opinbera af því að reka almenningsskerfi sem eru ekki iðgjaldaskyld, og fjárstuðningur sem hið opinbera veitir öðrum landsbundnum félagsverndarkerfum.
 - 1.2.3. „Tilfærslur frá öðrum kerfum“: einhliða greiðslur frá öðrum félagsverndarkerfum. Til þeirra teljast framlög til félagslegra kerfa sem er beint frá öðrum kerfum.
 - 1.2.4. „Aðrar tekjur“: ýmsar tekjur félagsverndarkerfa.
 - 1.3. ÚTGJÖLD FÉLAGSVERNDARKERFA
 - 1.3.1. **Verkefnasvið**

Verkefnasvið félagslegra bóta vísar til höfuðmarkmiðs þeirra, þ.e. félagslegrar verndar, án tillits til lagalegra ákvæða eða stofnanaákvæða.
 - 1.3.1.1. Veikindi/heilsugæsla

Tekjuuppbót og stuðningur í peningum vegna líkamlegra eða andlegra veikinda, þó ekki vegna fötlunar. Heilsugæsla í þeim tilgangi að viðhalda, endurhæfa eða bæta heilsu hinna tryggðu, á tillits til orsaka veikindanna.
 - 1.3.1.2. Fötlun

Tekjuuppbót og stuðningur í peningum eða fríðu (þó ekki heilsugæsla) vegna vanhæfni líkamlegra eða andlega fatlaðra einstaklinga til að taka þátt í atvinnulífi og félagsstörfum.

1.3.1.3. Elli

Tekjutrygging og stuðningur í peningum eða fríðu (þó ekki heilsugæsla) vegna elli.

1.3.1.4. Eftirlifendur

Tekjuuppbót eða stuðningur í peningum eða fríðu vegna fráfalls ættingja.

1.3.1.5. Fjölskylda/börn

Stuðningur í peningum eða fríðu (þó ekki heilsugæsla) í tengslum við kostnað við meðgöngu, fæðingu og ættleiðingu, barnaupveldi og umönnun annarra ættingja.

1.3.1.6. Atvinnuleysi

Tekjutrygging og stuðningur í peningum eða fríðu vegna atvinnuleysis.

1.3.1.7. Húsnæði

Aðstoð vegna húsnæðiskostnaðar.

1.3.1.8. Önnur félagsleg útilokun

Bætur í peningum eða fríðu (þó ekki heilsugæsla), einkum til að vinna gegn félagslegri útilokun ef þær eru ekki á öðru verkefnasviði.

1.3.2. Félagslegar bætur

1.3.2.1. Bætur í peningum eru bætur sem greiddar eru í peningum og ekki er krafist sönnunar fyrir raunverulegum útgjöldum viðtakenda.

1.3.2.2. Bætur greiddar í *fríðu* eru bætur sem veittar eru í formi vara og þjónustu. Þær má veita með endurgreiðslu kostnaðar eða greiða beint.

1.3.2.3. Með tekjutengdum félagslegum bótum er átt við félagslegar bætur sem, beint eða óbeint, miðast við að tekjur lífeyrisþegans og/eða fjármunir séu undir tilteknu marki.

1.3.3. „Stjórnsýslukostnaður“: kostnaður vegna stjórnunar og stjórnsýslu kerfisins.

1.3.4. „Tilfærslur til annarra kerfa“: einhliða greiðslur til annarra félagsverndarkerfa. Til þeirra teljast framlög til félagslegra kerfa sem er beint til annarra kerfa.

1.3.5. „Önnur útgjöld“: ýmis útgjöld félagsverndarkerfa (greiðsla eignatekna og önnur útgjöld).

2. SKILGREININGAR SEM VARÐA VIÐHENGID UM LÍFEYRISÞEGA

2.1. LÍFEYRISÞEGAR

Skilgreina má fjölda lífeyrisþega á hverju stigi sem þann fjölda einstaklinga sem fær lífeyrisgreiðslur úr a.m.k. einum af sjö flokkum evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd:

- örorkulífeyrir,
- snemmtæknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu,
- ellilífeyrir,
- væntanlegur ellilífeyrir,
- hlutalífeyrir,
- eftirlifendalífeyrir og
- snemmtækin eftirlaun vegna aðstæðna á vinnumarkaði.

Einstaklingar, sem fá lífeyrisgreiðslur úr fleiri en einum sjóði, eru aðeins taldir einu sinni (fjöldi lífeyrisþega án tvítalningar).

- 2.1.1. „Örorkulífeyrir“: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda eða vera uppbót á tekjur einstaklinga sem eru undir lögbundnum/hefðbundnum eftirlaunaaldri, eins og fram kemur í viðmiðunarkerfinu, og eiga við fötlun að stríða sem skerðir getu þeirra til að stunda vinnu eða afla tekna sem eru yfir þeim lágmarksmörkum sem mælt er fyrir um í löggjöf.
- 2.1.2. „Snemmtæknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu“: reglubundnar greiðslur til eldri starfsmanna sem fara á eftirlaun áður en lögbundnum/hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð, eins og fram kemur í viðmiðunarkerfinu, vegna skertrar starfsgetu.
- 2.1.3. „Ellilífeyrir“: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að i) viðhalda tekjum lífeyrisþegans þegar hann hættir í launuðu starfi á lögbundnum/hefðbundnum aldri eða ii) vera til stuðnings við tekjur aldraðra (þó ekki stuðningur í skamman tíma).
- 2.1.4. „Væntanlegur ellilífeyrir“: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda tekjum lífeyrisþega sem hættir störfum áður en lögbundnum/hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð eins og skilgreint er í viðeigandi kerfi.
- 2.1.5. „Hlutalífeyrir“: reglubundnar greiðslur á hluta eða fullum eftirlaunalífeyri eldri starfsmanna sem halda áfram að vinna en fækka vinnustundum sínum, eða þar sem tekjur þeirra af atvinnustarfsemi eru undir settum mörkum.
- 2.1.6. „Eftirlífendalífeyrir“: reglubundnar greiðslur til einstaklinga þar sem réttur þeirra ákvarðast af sambandi þeirra við hinn látna sem kerfið tryggir (ekkjur, ekkjar, munaðarleysingjar o.þ.h.).
- 2.1.7. „Snemmtækin eftirlaun vegna aðstæðna á vinnumarkaði“: reglubundnar greiðslur til eldri starfsmanna sem hættu störfum áður en lögbundnum/hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð vegna atvinnuleysis eða fækkunar starfa sökum efnahagsráðstafana, s.s. endurskipulagningar atvinnugreinar eða fyrirtækis.

2.2. LÖGBUNDINN/HEFÐBUNDINN EFTIRLAUNAALDUR TIL AÐ FÁ BÆTUR VEGNA ELLI

Lögbundinn aldur til að fá bætur vegna elli miðast við þann aldur þegar bætur vegna elli koma til greiðslu, ef svo er mælt fyrir um í lögum eða samningi. Þessi aldur getur verið breytilegur, bæði eftir löndum og innan aðildarríkja, með hliðsjón af sviðum atvinnulífsins, starfi, kyni o.s.frv.

Þegar ekki er um að ræða lögbundinn eftirlaunaaldur skal miða við hefðbundinn eftirlaunaaldur sem felst í eftirlaunakerfinu sem greiðir lífeyrisþeganum eftirlaun.

3. UPPSLÁTTARHANDBÓK

Mælt er fyrir um ítarlegar skilgreiningar, sem nota skal við beitingu þessarar reglugerðar, í ESSPROS-handbókinni sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerði í samvinnu við aðildarríkin.

2. VIÐAUKI

ÍTARLEG FLOKKUN

1. FLOKKUN LÍFEYRISKERFA OG MEGINDLEGRA GAGNA (Þ.M.T. TEKJUR, ÚTGJÖLD OG BÆTUR EFTIR VERKEFNASVIÐI) SEM FELLUR UNDIR GRUNNKERFI EVRÓPSKS KERFIS SAMÞÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSLEGA VERND

1.1 FLOKKUN LÍFEYRISKERFA (eigindlegar upplýsingar)

Viðmiðun: Ákvarðanataka

Lífeyriskerfi í umsjá hins opinbera

Lífeyriskerfi sem eru ekki í umsjá hins opinbera

Viðmiðun: Framkvæmd laga

Skyldulífeyriskerfi

Lífeyriskerfi sem ekki eru skyldubundin

Viðmiðun: Ávinnsla bótaréttar

Kerfi með skylduframlögum

Kerfi án skylduframlaga

Viðmiðun: Gildissvið

Allsherjarkerfi

Almenn lífeyriskerfi

Sérstök kerfi

Viðmiðun: Verndarstig

Grunnkerfi

Viðbótarkerfi

1.2. FLOKKUN MEGINDLEGRA GAGNA

Mælt er fyrir um þær ítarlegu flokkanir, sem nota skal um gögn sem skylt er að senda Hagstofu Evrópu-bandalaganna, í ESSPROS-handbókinni sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerði í samvinnu við aðildarríkin. Þessum ítarlegu flokkunum er safnað saman í flokka í fyrsta þrepi eins og fram kemur hér á eftir.

1.2.1. Tekjur

Í grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd eru tekjur félagsverndarkerfa flokkaðar eftir gerð og uppruna. *Gerðin* sýnir eðli eða ástæður fyrir greiðslu: framlög til félagslegra kerfa, almenn framlög hins opinbera, tilfærslur frá öðrum kerfum og aðrar tekjur.

1.2.1.1. Tekjur eftir gerð

 Heildartekjur

 Framlög til félagslegra kerfa

 Framlög vinnuveitanda til félagslegra kerfa

 Framlög tryggðra einstaklinga til félagslegra kerfa

 Almenn framlög hins opinbera

 Eyrnamerkir skattar

 Almennar tekjur

 Tilfærslur frá öðrum kerfum

 Framlög til félagslegra kerfa sem er beint frá öðrum kerfum

 Aðrar tilfærslur frá öðrum landsbundnum kerfum

 Aðrar tekjur

 Eignatekjur

 Aðrar tekjur

1.2.1.2. Tekjur eftir uppruna

Uppruni tilgreinir haggeirann þaðan sem greiðslan kemur.

Flokkun haggeira, þaðan sem tekjur félagsverndarkerfa koma, er sú sama og notuð er í þjóðhagsreikningum (ESA 1995).

 Fyrirtæki

 Ríkisstjórn

 Fylkisstjórn og sveitarfélög

 Almennatryggingasjóðir

 Heimili

 Stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og þjóna heimilum

 Önnur lönd

1.2.2. **Útgjöld**

Útgjöld félagsverndarkerfa eru flokkuð eftir gerð sem vísar til eðlis eða ástæðu útgjaldanna: félagslegar bætur, stjórnsýslukostnaður, tilfærslur til annarra kerfa og önnur útgjöld.

Félagslegum bótum er skipt í tekjutengdar og ótekjutengdar bætur. Félagslegar bætur eru sundurliðaðar frekar eftir því hvort bætur eru greiddar í reiðufé (sem reglubundnar greiðslur eða eingreiðsla) eða í fríðu. Flokkunin verður síðan enn ítarlegri ef liðirnir tengjast aðeins einu eða takmörkuðum fjölda þeirra verkefnasviða sem fram koma í kafla 1.2.3. Þessi ítarlegri flokkun er skilgreind í ESSPROS-handbókinni.

Heildarútgjöld

Félagslegar bætur

Félagslegar bætur, ótekjutengdar

Bætur í peningum, ótekjutengdar

Reglubundnar bætur í peningum, ótekjutengdar

Eingreiðslur bóta í peningum, ótekjutengdar

Bætur í fríðu, ótekjutengdar

Félagslegar bætur, tekjutengdar

Bætur í peningum, tekjutengdar

Reglubundnar bætur í peningum, tekjutengdar

Eingreiðslur bóta í peningum, tekjutengdar

Bætur í fríðu, tekjutengdar

Stjórnunarkostnaður

Tilfærslur til annarra kerfa

Framlög til félagslegra kerfa sem er beint til annarra kerfa

Aðrar tilfærslur til annarra landsbundinna kerfa

Önnur útgjöld

1.2.3. **Bætur eftir verkefnasviði**

Flokkun eftir verkefnasviði er sem hér segir:

Veikindi/heilsugæsla

Örorka

Elli

Eftirlifendur

Fjölskylda/börn

Atvinnuleysi

Húsnæði

Önnur félagsleg útilokun

2. ÍTARLEG FLOKKUN Á LÍFEYRISÞEGUM**2.1. GÖGN**

Heildarfjöldi lífeyrisþega án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega (á verkefnasviði örorku) án tvítalningar

Heildarfjöldi örorkulífeyrisþega án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega með *snemmtæknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu* án tvítalningar

Heildarfjöldi örorkulífeyrisþega (*ótekjutengds lífeyris*) án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega með *snemmtæknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu (ótekjutengdar)* án tvítalningar

Heildarfjöldi örorkulífeyrisþega (*tekjutengds lífeyris*) án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega með *snemmtæknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu (tekjutengdar)* án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega (á verkefnasviðunum *ellilífeyrir og eftirlífendalífeyrir*) án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega (á verkefnasviðinu vegna elli) án tvítalningar

Heildarfjöldi *ellilífeyrisþega* án tvítalningar

Heildarfjöldi væntanlegra *ellilífeyrisþega* án tvítalningar

Heildarfjöldi *lífeyrisþega á hlutalífeyri* án tvítalningar

Heildarfjöldi *ellilífeyrisþega (ótekjutengds lífeyris)* án tvítalningar

Heildarfjöldi væntanlegra *ellilífeyrisþega (ótekjutengds lífeyris)* án tvítalningar

Heildarfjöldi *lífeyrisþega á hlutalífeyri (ótekjutengds lífeyris)* án tvítalningar

Heildarfjöldi *ellilífeyrisþega (tekjutengds lífeyris)* án tvítalningar

Heildarfjöldi væntanlegra *ellilífeyrisþega (tekjutengds lífeyris)* án tvítalningar

Heildarfjöldi *lífeyrisþega á hlutalífeyri (tekjutengds lífeyris)* án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega (á verkefnasviðinu eftirlífendur) án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega *á eftirlífendalífeyri (ótekjutengds)* án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega *á eftirlífendalífeyri (tekjutengdum)* án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega (á verkefnasviðinu atvinnuleysi) án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega með *snemmtæknar eftirlaunabætur vegna aðstæðna á vinnumarkaði (ótekjutengdar)* án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega með *snemmtæknar eftirlaunabætur vegna aðstæðna á vinnumarkaði (tekjutengdar)* án tvítalningar

2.2. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

Lögbundinn eða hefðbundinn eftirlaunaaaldur eftir kyni og eftir kerfi

Viðmiðunardagsetning/reikniaðferð eftir kerfi

3. VIÐAUKI

UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN

1. **UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN Í TENGLUM VIÐ GRUNNKERFI EVRÓPSKS KERFIS SAMBÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSLEGA VERND**
- 1.1. UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN MEGINDLEGRA GAGNA EFTIR FLOKKUM LÍFEYRISKERFA
- 1.1.1. **Flokkun lífeyriskerfa eftir viðmiðunum**

Tilteknum notendum verður heimilt að birta gögn eftir flokkun evrópsks kerfis sambættra hagskýrslna um félagslega vernd sem skilgreind er með viðmiðunum í lið 1.1 í 1. viðbæti (Flokkun lífeyriskerfa).
- 1.1.2. **Gögn eftir lífeyriskerfum**

Tilteknum notendum verður heimilt að birta gögn eftir kerfum eða eftir flokkum kerfa fyrir þau lönd sem veita ekki skýlaust samþykki fyrir fullri miðlun vegna trúnaðarkvaða. Flokkar lífeyriskerfa skulu fylgja þeim miðlunarreglum sem hvert viðkomandi aðildarríki mælir fyrir um.
- 1.2. UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN EIGINDLEGRA UPPLÝSINGA EFTIR KERFI OG SUNDURLIÐUÐUM BÓTUM
- Hagstofu Evrópubandalaganna verður heimilt að birta eigindlegar upplýsingar eftir kerfi og sundurliðuðum bótum með fullnægjandi stuðningi.
2. **UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN GAGNA UM LÍFEYRISÞEGA**
- 2.1. **HEILDARNIÐURSTÖÐUTÖLUR FLOKKA Í SAMRÆMI VIÐ FLOKKUN EVRÓPSKS KERFIS SAMBÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSLEGA VERND Á LÍFEYRISÞEGUM**

Tilteknum notendum verður heimilt að birta gögn um lífeyrisflokkan sjö og um heildarniðurstöðutölu flokka í samræmi við flokkun evrópsks kerfis sambættra hagskýrslna um félagslega vernd á lífeyrisþegum í 2. lið 2. viðauka (Ítarleg flokkun á lífeyrisþegum).

Tilteknum notendum verður einnig heimilt að birta sundurliðun í lífeyrisþega með tekjutengdar bætur og lífeyrisþega með ótekjutengdar bætur í samræmi við flokkun evrópsks kerfis sambættra hagskýrslna um félagslega vernd á lífeyrisþegum í 2. lið 2. viðauka (Ítarleg flokkun á lífeyrisþegum).
- 2.2. **GÖGN EFTIR LÍFEYRISKERFUM**

Tilteknum notendum verður heimilt að birta gögn eftir kerfum eða eftir flokkum lífeyriskerfa fyrir þau lönd sem veita ekki skýlaust samþykki fyrir fullri miðlun vegna trúnaðarkvaða. Flokkar lífeyriskerfa þurfa að fylgja þeim miðlunarreglum sem hvert viðkomandi aðildarríki mælir fyrir um.